

Nð.

266. Nefndarálit

um frumvarp til laga um stofnun hjónabands (þgskj. 151).

Frá allsherjarnefnd.

Breyting sú, sem frumvarp þetta hefir að geyma á núgildandi löggjöf, er aðallega sú, að brúðhjónaefni skuli eiga heimtingu á því, að valdsmaður gefi þau saman, hvort sem þau eru annað hvort eða bæði í þjóðkirkju eða utan hennar. En nú má valdsmaður því að eins gefa hjón saman, að annað hvort eða bæði sjeu utan þjóðkirkju, sjá 1. og 7. gr. laga nr. 4, 19. febr. 1886. Afnáam þessara takmarkana eru í fullu samræmi við 47. gr. stj.skr. 1874, og í raun rjettri efndir á heiti því, sem gefið er í henni. Fult frjálsræði í þessu efni er þá fengið, er mönnum er veittur kostur á að velja jafnan milli »kirkjulegrar« og »borgaralegrar« hjónavigslu. Nefndin ræður því til, að frv. verði samþykkt að stefnunni til.

Frv. kveður aðallega á um *hjónavigslu*, en eigi um stofnun hjónabands alment. Því virðist rjettara, að breyta fyrirsögn frv., svo sem nefndin leggur til.

Rjett virðist og að breyta fyrirmælum frv. um birtingu fyrirhugaðs hjúskapar. 3. og 4. brtt. nefndarinnar við frv. stafa af þessari ástæðu. 4. og 5. brtt. eru að eins til skýringar.

Samkvæmt þessu ber nefndin fram við frv. þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um hjónavigslu.

2. 3. gr. orðist svo:

Nú er sýslumaður eða bæjarfógeti beðinn um að gefa hjón saman, og skal hann láta hreppstjóra birta það með uppfestri auglýsingu á þingstað

hrepps þess, þar sem brúðurin er til heimilis, 3 vikum áður en hjón eru saman gefin, nema undanþága sje fengin að lögum. Í kaupstöðum fer um þessa birtingu sem þar er venja um auglýsingar þær, er almenning varða. Birtingin verður ógild, ef hjónaefni eru eigi saman gefin hinar næstu 12 vikur. Vilji nokkur hefja lögbann gegn hjónabandinu, skal segja til þess valdsmanni í lögsagnarumdæmi, þar sem brúður á heima.

3. Framan við 4. gr. bætist ný setning, svo hljóðandi:

Áður en valdsmaður gefur hjón saman, skal hann fullvissa sig um, að birting samkvæmt 3. gr. hafi farið fram, eða undanþága fengin, og að eigi hafi lögbann verið lagt við hjónabandinu.

4. Orðið »þó« i 4. gr. falli burt.

5. Fyrir orðin í 5. gr.: »auglýsingu um reglur fyrir því« komi: settum reglum um það.

6. Framan við 6. gr. komi ný setning, svo látandi:

Fyrir uppfestingu birtingar samkvæmt 3. gr. og vottorð um hana greiðist 1 króna. Þurfi hreppstjóri að takast sjerstaka ferð á hendur i því skyni, skal hann fá goldinn ferðakostnað samkvæmt lögum um aukatekjur hreppstjóra.

7. 7. gr. 1. málgr. orðist svo:

Rjett er og, að þjóðkirkjuprestur, eða löggiltur prestur eða forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðar, gefi hjón saman, en gæta skulu þeir ákvæða laga um kirkjulega vígslu. Ávalt skal prestur eða löggiltur forstöðumaður o. s. frv.

Alþingi, 2. ágúst 1917.

Einar Arnórsson,
form. og framsögum.

Magnús Guðmundsson,
ritari.

Pjetur Ottesen.

Einar Jónsson.

Einar Árnason.